

20. 2504018 - Erindi frá oddvita

Ég Jóhannes Gissurarson oddviti sveitarstjórnar Skaftárhrepps legg fram eftirfarandi erindi, hvað varðar þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri.

Á síðasta fundi sveitarstjórnar þann 26. mars síðast liðinn. samþykkti meirihluti sveitarstjórnar tillögu að Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2023-2043, ásamt athugasemdum um tillöguna og svörum sveitarstjórnar, jafnframt því sem skipulagsfulltrúa var falið að senda Skipulagsstofnun tillöguna til lokaafgreiðslu. Með tillögunni er sveitarfélagið að marka sér sýn til næstu framtíðar.

Tillaga sveitarstjórnar hefur sætt talsverðri gagnrýni, jafnt opinberlega sem og í bókun fulltrúa minnihluta sveitarstjórnar við lokaafgreiðslu tillögunnar á síðasta fundi sveitarstjórnar Skaftárhrepps. Lítur gagnrýnin einkum að þeirri ákvörðun sveitarstjórnar að afmarka þéttbýlisuppdráttinn við Kirkjubæjarklaustursjarðirnar og fella þar með út allt land sunnan Skaftár sem áður tilheyrði þéttbýlinu, samkvæmt Aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri á sér langa sögu og tók að myndast löngu áður en stjórnarsýslueiningin Skaftárhreppur varð til árið 1990. Þá var jörðin að mestu í óskiptri sameign. Fyrir góðvilja þáverandi handhafa landsins þróaðist byggðin án vandkvæða allt þar til að sýslumannsýfirvöld, gerðu kröfu um samþykki allra meðeigenda jarðarinnar, hvað varðaði frekari lóðaúthlutanir innan þéttbýlisins.

Að frumkvæði þáverandi oddvita sveitarstjórnar, Guðmundar Inga Ingasonar, eignaðist Skaftárhreppur á árunum 2013-2014 7,5% hlut í jörðinni og í framhaldi þess hófust viðræður landeigenda um uppskiptingu jarðarinnar. Þær viðræður skiluðu sér í landsskiptasamningi sem undirritaður var af öllum hlutaðeigandi aðilum í lok kjörtímabilsins 2022.

Fyrir liggur að sveitarfélagið hefur ekki farið vel út úr þessum landsskiptum hvað byggingarland né land undir stofnanir sínar snertir og má með góðum rökum segja að aðgengi sveitarfélagsins að byggingarlandi er í litlu betra nú en fyrir landsskiptin.

Ljóst er að öllu þessu stímabraki hefur fylgt mikil umsýsla með gögn og umtalsverður kostnaður sem eins og gefur að skilja opinber stjórnarsýslueining eins og Skaftárhreppur er þarf að hafa upplýst og aðgengilegt fyrir stjórnendur sveitarfélagsins til framtíðar litið.

Því óska ég eftir að sveitarstjóri taki saman og leggi fram skrifleg svör við eftirfarandi spurningum á næsta fundi sveitarstjórnar:

- 1. Hver er áfallinn kostnaður Skaftárhrepps vegna landsskipta Kirkjubæjarklaustursjarðarinnar?*
 - a. Óskað er eftir sundurliðun á kostnaði:*
 - i. Kortagerð og landmælingar*
 - ii. Lögfræðikostnaði*
 - iii. Annar kostnaður*
 - b. Óskað er eftir upplýsingum um samninga við landeigendur eða aðra aðila vegna verkefnisins.*
 - c. Óskað er eftir sundurliðun á endurgreiðslum/tekjum ef einhverjar eru.*
 - d. Óskað er eftir að lagt verði fram kort af því landi sem Skaftárhreppur fékk út úr landskiptum.*

Að sama skapi sætir og nokkurri gagnrýni sú ákvörðun sveitarstjórnar Skaftárhrepps að fella út af þéttbýlisuppdrætti allt land sunnan Skaftár, í landi Hæðargarðs.

Því óskar undirritaður einnig eftir því að sveitarstjóri taki saman gögn og leggi fram skrifleg svör við eftirfarandi spurningum á næsta sveitarstjórnarfundi.

- 1. Hver er áfallinn kostnaður Skaftárhrepps vegna þess skipulags sem fyrirhugað var á landi Hæðargarðs, aðal- og deiliskipulagsbreytingar?*
 - a. Óskað er eftir sundurliðun á kostnaði:*
 - i. Kortagerð og landmælingar.*
 - ii. Annar kostnaður*
 - b. Óskað er eftir upplýsingum um samninga við landeigendur eða aðra aðila vegna verkefnisins sem liggja í skjalasafni sveitarfélagsins.*
 - c. Óskað er eftir sundurliðun á endurgreiðslum/tekjum ef einhverjar eru*